

67. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 1. apríl 2009, kl. 18:00.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Innkaupareglur sveitarfélagsins
 2. Bréf frá Lionsklúbbi Blönduósbæjar dags. 24. mars 2009
 3. Bréf frá Saman hópnunum frá 30. mars 2009
 4. Trúnaðarmál
 5. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Innkaupareglur sveitarfélagsins

Bæjarstjóri fór yfir drög að innkaupareglum fyrir sveitarfélagið.

Bæjarstjóra og Tæknideild falið að vinna frekar að málinu samkvæmt athugasemdum og umræðum sem urðu um reglurnar.

2. Bréf frá Lionsklúbbi Blönduósbæjar dags. 24. mars 2009

Lionsklúbbur Blönduóssbæjar óskar eftir styrk vegna 50 ára afmælis klúbbsins.

Bæjarráð samþykkir kr. 50.000 styrk vegna afmælisins.

3. Bréf frá Saman hópnunum frá 30. mars 2009

Bæjarráð vísar erindinu til æskulýðs- og tómstundaneftndar.

4. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók

5. Önnur mál

a) *Sláttur á opnum svæðum í sveitarfélaginu*

Bæjarráð samþykkir að fram fari forval vegna sumarsláttar á opnum svæðum í sveitarfélaginu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:45

Arnar Þór Sævarsson(sign.)

*Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)
Kári Kárason(sign.)*